

## Ferli vísinda

**Tilgangur** Hvað viltu kanna? Af hverju? Hver er rannsóknarspurningin? –Góð rannsóknarspurning er mælanleg, skýr, hægt er að svara henni með því að safna upplýsingum. Hver er breytan?

**Tilgáta og hugmyndir** Hver er líkleg lausn eða svar við spurningunni? Hvað veist þú um rannsóknarefnið?

**Athugun/könnun/gagnasöfnun** Notið þið beina tilraun, nákvæmar mælingar eða heimildakönnun? Við framkvæmd tilraunina skal gæta fyllstu nákvæmni í öllum vinnubrögðum og mælingum. Skráið hjá ykkur allar upplýsingar.

**Greining og úrvinnsla** Skráið það sem gerist og skráið hjá ykkur allar upplýsingar. Mælingar eða gögn eru borin saman við aðrar sambærilegar mælingar. Hvað gerðist í tilrauninni?

**Ályktanir og niðurstöður** Veltið fyrir ykkur hvað gerðist? Hver er niðurstaðan? Hvert er svarið við rannsóknarspurningunni? Var tilgátan rétt? Fór eitthvað úrskeiðis? Væri hægt að rannsaka viðfangsefnið frekar? Hver er vísindaleg skýring á því sem átti sér stað? Hvaða spurningar vakna við gerð rannsóknarinnar? Hverjum þeirra viljum við svara? Gera framhaldstilraun?

**Miðlun upplýsinga** Hvernig kynnum við niðurstöður okkar? Hverjum og hvernig segjum við frá? Vísindafólk rannsakar og deilir vinnu sinni með öðrum. Með því að miðla upplýsingum byggjum við upp þekkingu sem eru grundvöllur vísindasamfélags.

# VÍSINDAVAKA

## Áætlun

Tími 1 Dags.	Tími ____ Dags.	Tími ____ Dags.	Tími ____ Dags.	Tími ____ Dags.
Kynning og Kveikja				Vísindavaka
Heimavinna				

## Miðlun upplýsinga á Vísindavöku

Munnleg kynning	Veggspjald
<ul style="list-style-type: none"><li>• Segja frá viðfangsefni, rannsóknarspurningu og tilgátu.</li><li>• E.t.v. spyrja áhorfendur um þeirra tilgátu.</li><li>• Lýsa því sem þið eruð að gera á meðan þið framkvæmið.</li><li>• Segja frá niðurstöðum og útskýra vísindin á bak við það sem gerðist.</li><li>• Þjóða áhorfendum að spyrja spurninga.</li></ul> <p><b>Góð ráð</b> Lesið sem minnst af blaði Halda augnsambandi við áhorfendur Tala hátt og skýrt</p>	<p>Á veggspjaldi þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Grípandi titill</li><li>Tilgangur</li><li>Tilgáta</li><li>Tæki og efni</li><li>Lýsing</li><li>Niðurstöður</li><li>Skýringarmyndir</li></ul>

